

Ísafirði 11.04 2022

Ágæta bæjarstjórn

Villikettir á Vestfjörðum eru búin að stafa formlega hér á svæðinu í 2 ár og á þeim tíma komið að björgun fjölmargra katta, hvort heldur við tölum um villiketti eða flækingsketti. Um starfsemi villikatta má fræðast á heimasíðu þeirra www.villikettir.is

Víða um land hafa sveitarfélög kosið að gera samning við félögin um hið lögbundna hlutverk að sinna um velferð dýra sbr. 3 kafli laga 55/2013. Þau hafa þá lagt til húsnæði fyrir starfseminu og greitt fyrir dýralæknþjónustu en öll vinna er á hendi sjálfbóðaliða félaganna.

Við höfum áður sent Ísafjarðarbæ erindi um þetta mál en því miður hefur engin niðurstaða fengist úr því. Við förum því þess á leit að fá að hitta bæjarráð á fyrsta fundi eftir páska til að ræða málefnið og þá möguleika sem eru fyrir hendi. Ísafjarðarbær á húseignir sem kæmu til greina fyrir starfseminu og á sumum stöðum hefur málið verið leyst með skrifstofugámum sem alla jafna fást fyrir lítinn pening. Þá vekjum við athygli á því að mögulegt væri að semja við önnur sveitarfélög í nágrenninu um sameiginlega þjónustu.

Dýravelferð er mikilvægt verkefni í nútíma samfélagi og um það gilda ströng lög og reglugerðir. Það er því mikilvægt að sveitarfélögin standi vel og fagmannlega að málum og njóti stuðnings samfélagsins. Villikettir hafa notið mikillar velvildar fólks í formi matargjafa og annars stuðnings við starfsemi sem alfarið byggir á sjálfbóðaliðum.

Með von um skjót svör

Virðingarfyllt

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Starfandi formaður Villikettir Vestfjörðum